

Snæfellsbær
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær



Reykjavík 25.mars 2017
UST201612-191/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Snæfellsbæjar, drög til samráðs

Vísað er til erindis Snæfellsbæjar og Húss og skipulags er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um drög að aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Umhverfisstofnun fagnar þeirri stefnu Snæfellsbæjar að Snæfellsnes sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins. Einnig tekur stofnunin undir það að hugað er að sjálfbærum lausnum varðandi orkumál.

Fráveita

Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að útrásir eru frá þéttbýli á norðanverðu nesinu og að sleppt er út vatni frá fiskmarkaði Snæfellsbæjar fram Arnarstapa. Einnig kemur fram að, að öðru leyti eru fráveitumál í Snæfellsbæ leyst með rotþróum. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Umhverfisstofnun tekur undir að við hótél Búðir er viðkvæmur viðtaki enda skal reisa skólþhreinsistöð við hótelið nú þegar fyrirhuguð stækkun á hótelinu er framundan.

Umhverfismat stefnu um efnistöku

Umhverfisstofnun hefur farið yfir umfjöllun um efnistöku og námur í ofangreindum drögum og vill taka eftirfarandi fram:

E4 Rif, Rif Harðikambur: Í námunni er að finna gæðaeefni og að mati stofnunarinnar ætti að fara sparlega með efnið, þar sem nýr vegur um Ólafsvíkurenni mun væntanlega takmarka endurnýjun efnis á þessum stað.

E12 Snb, Syðri Knarrartunga/Knörr: Náman er í fallettu umhverfi en lögun skriðukeilunnar er ekki góð. Þarna ætti að takmarka efnistöku og helst hætta henni á þessum stað.

E15 Snb, Hamraendar: Að mati Umhverfisstofnunar á ekki að heimila efnistöku í skriðum á svæðinu vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa af slíkri efnistöku. Stofnunin bendir á að efni hefur borist í skurði og að vegi og ætti að fjarlægja slíkt efni.

E17 Snb, Malarrif, Þrælavík: Að mati Umhverfisstofnunar ætti að kanna hvort hægt er að taka grjót á öðrum stað, þar sem Þrælavík er fallettur staður og svæði á náttúruminjaskrá.

E22 Snb, Fróðá: Að mati stofnunarinnar ætti að taka minna efni á stærra svæði og vakta rífið með

tilliti til landbrots. Vegna fegurðar svæðisins ætti ekki að geyma mikið efnismagn í fjörunni.

E27 Snb, Mávahlíð: Að mati Umhverfisstofnunar mætti skipuleggja efnistöku betur, en hingað til hefur hún farið fram á mjög stóru svæði.

Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun stefnu um efnistöku og umhverfismat til fyrirmyndar. Að mati stofnunar væri gott ef umfang minniháttar efnistöku væri skilgreint nánar.

Umhverfisskýrsla með aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 - 2031

Umhverfisskýrsla

Í umhverfisskýrslu er farið yfir verkefni framundan og áhrif þeirra. Yfirleitt er matið jákvætt, en til þess að ná þeim árangri þarf að uppfylla mörg verkefni. Umhverfisstofnun vill þó benda á að ein af matsspurningunum er eftirfarandi: Stuðlar tillagan að verndun menningar- og náttúruminja sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi. Svárið í skýrslunni er já, en stofnunin bendir á að landslag þjóðgarðsins er sérstakt á alþjóðlega vísu með hraunum og jöklum. Því er svárið að hluta til neitandi við matsspurningunni ef vindlundur með sín áhrif á landslag kemur til með að hafa áhrif á svæði innan þjóðgarðsins.

Í umhverfisskýrslu kemur fram á bls. 14 að eitt dæmi sé um frístundabyggð sem verði felld í hraunbolla. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að númer frístundabyggðarinnar komi fram í umfjölluninni.

Vindlundur

Í ofangreindum drögum koma fram hugmyndir um vindlund í sveitarfélaginu og í fylgiskjali má sjá úttekt á þremur staðsetningum á vindlundi. Í fylgiskjali kemur fram að í forathuguninni fólst skoðun á tveimur svæðum annars vegar við Gufuskála og hins vegar norðaustan við Gufuskála í átt að Brimnesi og Hellissandi, en einnig er skoðað svæði milli Hellisands og Rifs. Vestari reiturinn er innan þjóðgarðs og hinir tveir eru utan hans. Umhverfisstofnun lítur jákvæðum augum á það að orkuöflun með endurnýjanlegri orku er skoðuð. Umhverfisstofnun bendir á að vanda þarf valið á þeim stað sem áætlaður er fyrir vindlund.

Umhverfisstofnun telur að gagnlegt geti verið að líta til reynslu dana þegar að vindmyllum kemur. Þar í landi hefur á undanförunum áratugum verið komið fyrir fjölda vindmylla víðsvegar um landið. Þar virðist þróunin vera sú að sífellt fleiri virðast andvígir því að staðsetja nýjar vindmyllur nærri byggð og áhersla virðist frekar lögð á að staðsetja vindmyllur sífellt fjær byggð og á síðustu árum í vindmyllugörðum úti fyrir ströndum landsins. Nú eru fram komnar hugmyndir um að flytja þessi mannvirki lengra út á haf til að draga enn frekar úr sýnileika mannvirkjanna og þeim öðrum ókostum sem talið er að fylgi stórum vindmyllum nærri byggð s.s. hávaða. Einnig er vert að benda á að tilhneigingar gætir til að framleiða sífellt stærri vindmyllur og eru nú uppi áætlanir um að framleiða allt að 300 m háar vindmyllur í Danmörku. Afstöðu Dana til vindmylla í dag má líkast til líkja við afstöðu margra til staðsetningu háspennulína á Íslandi þar sem sífellt eru gerðar kröfur um að línurnar verði reistar fjarri byggð eða alfarið lagðar í jörðu.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að líta til svæða þar sem um einsleita víðáttu er að ræða þar sem mannvirkin ber aðeins við haf og himinn. Einnig ætti að líta til mögulegra áhrifa á farleiðir fugla og á hátíðnihljóð og hávaða sem fylgt geta slíkum mannvirkjum. Hafa ber í huga að þegar að endurnýjun vindmylla kemur gætu mannvirkin orðið mun stærri en þær vindmyllur sem í upphafi eru reistar þannig að velja skal þeim stað með það í huga. Umhverfisstofnun telur að lokum að frekar en hvert sveitarfélag ákveði að staðsetja vindmyllur hvert í sínu sveitarfélagi eigi frekar að líta til landsins í heild og velja

svæði sem henta til slíkrar orkuframleiðslu og þar sem hægt er að koma fyrir mörgum vindmyllum í stað þess að dreifa þeim.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní árið 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merkilegar söguminjar. Jafnframt er markmiðið að auðvelda fólki að ferðast um svæðið og kynnast því. Í verndaráætlun þjóðgarðsins 2010–2020 kemur fram að verndargildi þjóðgarðsins felst að stórum hluta í fjölbreyttum jarðmyndunum. Markmið þjóðgarðsins er að viðhalda þessu verndargildi með því að rýra ekki jarðfræðilega fjölbreytni svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að í verndunaráætlun er einnig fjallað um verndun lífríkis, verndun menningarminja og síðast en ekki síst verndun landslags. Í umfjöllun um verndun landslags kemur fram að Snæfellsjökull er megininkenni þjóðgarðsins og landshlutans. Einnig kemur fram að landslag þjóðgarðsins hefur mikið verndargildi á alþjóðavísu, enda einkennist það og er mótað af fjölbreyttum jarðmyndunum og eldvirkni. Að mati Umhverfisstofnunar munu vindmyllur innan þjóðgarðs hafa umtalsverð áhrif á landslag og útivistargildi svæðisins með neikvæðum sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag. Því þarf að velja þessum mannvirkjum staðsetningu sem minnst áhrif hefur á landslag eins og farið hefur verið yfir hér að framan.

Þar sem verndargildi þjóðgarðsins felst m.a. í fjölbreyttum jarðmyndunum bendir stofnunin á að í 3. gr. laga nr.60/2013 um náttúruvernd eru sett fram verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Þar segir: „*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:*

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,*
- b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,*
- c. að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,*
- d. að varðveita **landslag** sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,*
- e. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.“*

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í sömu lögum í gr. 54 kemur eftirfarandi fram: „*Starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis. Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfis skyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.“*

Að mati Umhverfisstofnunar þarf því að athuga gaumgæflega áhrif af vindlundi sem yrði áætlaður í nágrenni þjóðgarðsins, á þjóðgarðinn og verndargildi hans. Einnig bendir stofnunin á að skoða þarf áhrif vindmylla sem staðsettar yrðu milli Rífs og Hellisands á kríubyggðina við Hellisand og flugleiðir og fæðuleit kríanna til og frá Krossavík. Þar sem ofangreind aðalskipulagstillaga leggur áherslu á vernd villtra fugla bendir stofnunin á að vindmyllur geta haft neikvæð áhrif á fugla ef þær eru staðsettar á flugleiðum þeirra. Því er mjög mikilvægt að mati stofnunarinnar að það sé skoðað ítarlega hvaða áhrif slík mannvirki geti haft á fugla.

Vatnsorka-smávirkjanir

Með drögum að aðalskipulagi fylgir skýrsla sem er forathugun á vatnsaflsvirkjunarkostum vegna aðalskipulags. Í inngangi kemur fram að markmið verksins er að marka heildarstefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi varðandi smávirkjanir og að minnka kostnað virkjunaraðila vegna breytinga á aðalskipulagi síðar. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að í aðalskipulagstillögu séu þær framkvæmdir sem áætlað er að framkvæma á skipulagstímabilinu.

Í ofangreindri skýrslu er fjallað um 13 vatnsaflsvirkjunarkosti, þar af eru 8 samþykktir og 5 ekki samþykktir skv. töflu bls. 25. Umhverfisstofnun bendir á að flestar árnar eru á sunnanverðu nesinu og eru í röð frá vestri til austurs. Að mati stofnunarinnar gætu áhrif virkjana á landslag orðið mikil ef virkjanir eru þéttar og að samlegðaráhrif á landslag geti orðið umfram þau áhrif sem hver og ein virkjun gæti haft í för með sér.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta vissar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar. Þar á meðal eru fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki. Einnig kemur fram í sömu grein að forðast beri að raska vistkerfum og jarðminjum er njóta sérstakrar verndar nema brýna nauðsyn beri til. Einnig kemur fram að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.


Umhverfisstofnun bendir á að í samantekt í lok skýrslunnar kemur fram að aðeins sé um forathugun að ræða og stærð og áhrif virkjunar því aðeins gróflega metin og einnig kemur fram að athuganirnar eru byggðar á mjög takmörkuðum gögnum. Einnig kemur fram að ekki sé um nákvæmar staðsetningar á áætluðum framkvæmdum að ræða heldur séu settir fram líklegustu kostirnir.


Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til virkjanakosta þegar þeir eru til umfjöllunar seinna í ferlinu.

Ofangreind drög að aðalskipulagi Snæfellsbæjar eru afar greinargóð og vel gerð grein fyrir áætlunum innan sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun telur að umræða um sjálfbæra orkuöflun þurfi áframhaldandi umræðu og samvinnu á milli Umhverfisstofnunar, sveitarfélagsins og annarra hagsmunaaðila. Starfandi er ráðgjafanefnd þjóðgarðsins í samræmi við reglugerð 568/2005 þar sem eðlilegt er að sú umræða fari fram.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Afrit: Hús og skipulag